**Sþ.** **598. Fyrirspurn** [295. mál]

til samgönguráðherra um öryggis- og björgunarbúnað í skipum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða prófanir eru gerðar hérlendis áður en björgunarbúnaður, sem skylt er að hafa um borð í skipum og bátum, er viðurkenndur hér á landi?
2. Hvernig er brugðist við þegar gallar koma í ljós á björgunarbúnaði sem er viðurkenndur og þegar hefur verið seldur?
3. Hvernig er háttað samvinnu Íslendinga og nágrannaþjóðanna varðandi björgunarbúnað og upplýsingaskyldu ef gallar á búnaði koma í ljós?
4. Hvaða reglur gilda um tæki og búnað sem ekki er skylt að hafa um borð en seld eru sem öryggisbúnaður?
5. Hver er upplýsingaskylda og ábyrgð þeirra er selja öryggis- og björgunarbúnað hér á landi?